



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Reykjavík, 3. maí 2024

## Efni: stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi

Vísað er til umsagnarbeiðni í Samráðsgátt stjórnvalda frá 19. apríl síðastliðnum, frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis vegna tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi, 899. mál

Umsögn þessi er sett fram fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélags þess, Orku náttúrunnar ohf., hér eftir Orkuveitan.


Orkuveitan hefur lagt áherslu á það í fyrri umsögnum sínum að mikilvægt væri að í stefnu um vindorku yrði tekið á því hvernig stofnanir og leyfisveitendur geti sem best unnið saman á sviði vindorku. Orkuveitan fagnar því að unnið sé að eiginlegri stefnu stjórnvalda og útfærslu á regluverki um vindorku. Með opinberri stefnumörkun fæst fyrirsjáanleiki sem er mikilvægur.

Orkuveitan tekur undir markmið með stefnunni um að uppbygging virkjunarkosta í vindorku héraendis, bæði á landi og í hafi, í sem mestri sátt við náttúru og líffræðilega fjölbreytni, verði ein af grunnstoðum sjálfbærrar orkuöflunar landsins auk vatnsafls og jarðhita. Hagnýting vindorku verði mikilvægur liður í því að ná markmiðum stjórnvalda um orkuskipti og kolefnishlutleysi.

Orkuveitan ítrekar þau sjónarmið sem rakin eru í fyrri umsögn Orkuveitunnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 um sérstaka málsmeðferð í þágu orkuskipta og kolefnishlutleysis en þar sem fram koma áhyggjur af því að breytingarnar væru í raun ekki til líklegar til að stytta og einfalda leyfivæitingarferli vegna vindorkunýtingar. Auk þess vísar Orkuveitan í umsögn um endurskoðun á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, dags. 18.4.2024.

Orkuveitan þakkar tækifæri á að koma að umsögn vegna málsins og áréttar að fulltrúar félagsins eru reiðubúnir að gera frekari grein fyrir umsögninni sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

  
Bára Jónsdóttir lögmaður